141. fundur Kennarasambands Íslands

Haldinn í Kennarahúsinu við Laufásveg
Föstudaginn 10. desember 2010 kl. 8:30

Mættir voru: Eiríkur Jónsson, Elna K. Jónsdóttir, Ólafur Loftsson, Þórður Á. Hjaltested, Valgeir Gestsson, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Ingibergur Elíasson, Marta D. Sigurðardóttir, Hanna Berglind Jónsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Sigrún Grendal, Svanhildur M. Ólafsdóttir, Hannes Þorsteinsson, Kristín Elfa Guðnadóttir og Helgi E. Helgason sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu: Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, Haukur Már Haraldsson og Stefán Andrésson.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð 140. fundar.
2. 5. þing KÍ 6. – 8. apríl 2011.
3. Staða kjaramála.
4. Fréttir af erlendu samstarfi.
5. Lögfræðimál.
6. Styrkir til kennslu- og faggreinafélaga.
7. Staða mála hjá Orlofssjóði.
8. Jólastyrkur KÍ.
9. Minnisblöð.
   a) Um „Mínar síður“ KÍ.
   b) Um Fjárfestingaráð KÍ.
10. Erindi Kjalar, stéttarfélags.
11. Önnur mál.

1. Fundargerð 140. fundar

Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

2. 5. þing KÍ 6. – 8. apríl 2011

Formaður sagði frá vinnu við undirbúning skýrslu stjórnar. Fram kom að skilafrestur á efni í skýrsluna rennur út um miðjan janúar og er miðað við að hún verði prentuð um mánaðamótin janúar/ febrúar. Stefnt er að því að taka kjarastefnuna til umfjöllunar í kjararáði í janúar. Formaður lýsti eftir ábendingum og hugmyndum frá stjórnarmönnum varðandi breytingar á kjarastefnu, skólamálastefnu og lögum og bað hann stjórnarmenn að koma ábendingum sínum á framfæri við sig.

EKJ ræddi um verkaskiptingu og verkskipulag við undirbúning þingsins í apríl.

Tímasetning þingsins ákveðin. Það verði sett kl. 13:00 miðvikudaginn 6. apríl og því slitið kl. 15:00 – 16:00 föstudaginn 8. apríl.

KEG lagði til þingið verði að hluta til tekið upp á myndband, einkum erindi og stutt viðtöl.

HÞ sagði frá undirbúningi að gerð fjárhagsáætlunar og sérstöku eyðublaði fyrir félögin til að setja upp fjárhagsáætlun sína.

EKJ sagði frá leit sinni að hugsanlegum erlendum gestafyrirlesara. EKJ falið að kanna áfram möguleika á að fá Peter Mortimore til að flytja erindi á þinginu, en einnig kæmi til greina að leita til L.D. Hammond og Davids Carr sbr. fundargerð 140. fundar. AS stakk upp á Alison Wolf prófessor við Kings´ College í London sem hefur m.a. unnið að rannsóknum á efnahagslegum þáttum menntunar. EKJ falið að vinna áfram að málinu. Fram kom að æskilegt væri að fá einnig innlendan gestafyrirlesara til að ræða um menntamál í tengslum við efnahagsmál og var nafn seðlabankastjóra nefnt í því sambandi. Samþykkt að EJ setji sig í samband við seðlabankastjóra.

Til máls tóku EJ, EKJ, HÞ, MDS, AS, KEG,

3. Staða kjaramála

Formaður dreifði glærum Odds með upplýsingum um kjaramál sem kynntar voru á síðasta fundi kjararáðs. EJ og OSJ falið að vinna úr upplýsingunum efnisatriði í frétt til birtingar á heimasíðu.

Formaður skýrði frá því að fundur sem framkvæmdastjóri SA hafði forgöngu um að boða og halda átti í gær hefði verið aflýst eftir að ljóst var að hvorki KÍ né BHM myndi sækja fundinn.

Formaður sagði frá skipan þriggja vinnuhópa hjá ríkissáttasemjara sem fjalla um 1) launaþróun, 2) kaupmátt og fjárlög/fjárhagsáætlanir ríkis og sveitarfélaga og áhrif niðurlagningar (sameiningar) stofnana. Fulltrúar KÍ eru: Eiríkur Jónsson, Elna K. Jónsdóttir og Oddur S. Jakobsson.

AS lagði áherslu á að samningsréttur um þau atriði sem um er fjallað í nefndunum sé ótvírætt hjá félögunum.

4. Erlent samstarf

EJ sagði frá síðustu fundum NLS. Fram kom að EJ gegnir formennsku í NLS til næsta vors. Næsti stjórnarfundur NLS verður haldinn á Íslandi í maí nk. EJ stýrir þar kosningu nýs formanns. Fram kom að forbundsmöte NLS verður haldið hér á landi dagana 27. – 30. september 2011 og sumarnámskeið NLS verður haldið hér á landi sumarið 2012. Gisting hefur þegar verið pöntuð fyrir 140 manns á Hótel Selfossi.

EKJ sagði frá aukaaðalfundi EIE/ETUCE sem haldinn var í Brüssel 22.11.2010. Á fundinum var lögð fyrir endurskoðuð tillaga að lögum og starfsskipulagi nýrrar Evrópudeildar Education

International sem samþykkt var með miklum meirihluta atkvæða. Deildin heitir framvegis ETUCE. Þátttaka KÍ í samstarfinu breytist ekki vegna nýju laganna**.** Kennarasamband Íslands á sem fyrr rétt á einum fulltrúa í stjórn.

EKJ tók síðan þrjú málefni stuttlega fyrir frá fundi stjórnar Evrópudeildar – Pan European Committee sem haldinn var 23.11. sl.

Hið fyrsta er skýrsla um könnun ETUCE (Assessing the Impact of the Economic Crisis on Social Dialogue in Education) á áhrifum efnahagskreppunnar á menntamál í aðildarlöndunum og samskiptum og samráði kennarafélaga við yfirvöld og viðsemjendur. KÍ tók þátt í könnuninni og er hún áhugaverð lesning. EKJ hlutast til um birting á heimasíðu KÍ.

Annað málið er starfsræksla sérstaks vinnuhóps/ráðgjafarhóps á vegum Evrópudeildar EI um málefni skólastjórnunar (School Leadership Working Group). Hópurinn hélt sinn fyrsta fund í París í haust og hefur m.a. lagt til við ETUCE (sem nú er Evrópudeild EI) að gerð verði könnun á málefnum skólastjórnunar og skólastjórnenda í Evrópuaðildarlöndunum. EKJ sendir skólastjórnendafélögum í KÍ nánari upplýsingar um þetta starf. Hún benti ennfremur á að þetta rímaði vel við áherslumál skólamálaráðs í vetur en eitt þeirra er einmitt forysta í skólastarfi og skólastjórnun. Spurt var um væntanlega þátttöku KÍ í fyrrgreindri könnun og sagðist EKJ eindregið vonast til að við tækjum þátt.

Þriðja og síðasta málið sem rætt var sérstaklega um er endurnýjun starfsumboðs leikskólavinnuhóps (task force/Early Childhood Education) og minnt á nýlega skýrslu sem undan rifjum hans er runnin um leikskólastarf í 17 aðildarlöndum EI.

5. Lögfræðimál

a) ÓL sagði frá dómsniðurstöðu Héraðsdóms Vesturlands vegna fjárdráttarmáls sem upp kom í Kennarafélagi Vesturlands

b) AS sagði frá undirbúningi málsóknar gegn menntaskólanum Hraðbraut vegna ólöglegrar uppsagnar kennara. Ákveðið hefur verið að Stefán Svensson hrl. taki málið að sér.

c) ÞÁH vakti athygli á því að ný reglugerð um öryggi á sundstöðum taki gildi 1. janúar nk. Þar er m.a. kveðið á um að sundkennarar skuli árlega standast sérstakt hæfnispróf. Sagði ÞÁH undirbúning reglugerðarinnar hafa farið mjög hljótt og að ekki hafi verið leitað umsagnar KÍ. Samþykkt að fela ÞÁH og EJ að skoða málið nánar m.t.t. réttarstöðu sundkennara.

6. Styrkir til kennslu- og faggreinafélaga

Samþykkt að veita eftirfarandi styrki til kennslu- og faggreinafélaga:

- Félag íslenskra smíðakennara: kr. 350.000.

- Félag dönskukennara: kr. 350.000.
- Félag þýskukennara: kr. 120.000.
- Félag íslenskra myndlistarkennara: kr. 150.000
- Félag móðurmálskennara: kr. 300.000.
- Félag kennara á starfsbrautum framhaldsskóla: Umsókn hafnað þar sem hún fellur ekki að reglum KÍ.

7. Staða Orlofssjóðs

Rætt um stöðu Orlofssjóðs. Engar ákvarðanir teknar.

8. Jólastyrkur

Samþykkt tillaga formanns að veita Krabbameinsfélagi Íslands jólastyrk að fjárhæð kr. 250.000.

9. Minnisblöð

a) Um „Mínar síður“ KÍ

HÞ fylgdi úr hlaði minnisblaði. Þar kemur fram að undanfarna mánuði hefur staðið yfir vinna við „Mínar síður“ á vef KÍ. Samþykkt að veita HÞ heimild til að halda verkefninu áfram, en stjórn verði kynntur gangur verksins eftir því sem því vindur fram.

b) Um stofnun „Fjárfestingarráðs“ KÍ

Lagt fram til kynningar minnisblað um stofnun „Fjárfestingarráðs KÍ“. HÞ gerði grein fyrir efni þess. Þar er gert ráð fyrir að stofnað verði fjárfestingarráð KÍ sem í eigi sæti formaður, varaformaður, gjaldkeri, skrifstofustjóri, hagfræðingur og formaður Vinnudeilusjóðs KÍ. Gert er ráð fyrir að hlutverk ráðsins sé að móta stefnu um ávöxtun fjármuna sjóða KÍ, fylgjast með þróun peningamála og móta tillögur fyrir stjórnir sjóða um ávöxtun.

Samþykkt að hvetja til umræðna um málið í félögunum og taka málið aftur til umræðu í stjórn eftir áramót.

Til máls tóku: HÞ, ÓL, MDS, EJ, EKJ.

10. Erindi Kjalar, stéttarfélags

Lagt fyrir tölvubréf frá formanni Kjalar, stéttarfélags, um aðkomu KÍ að hátíðahöldum 1. maí á Akureyri (Norðurlandi) og hlutdeild KÍ í kostnaði við þau. Samþykkt að KÍ taki á sig hluta af kostnaði (kr. 200.000) enda byggist samstarfið á jafnréttisgrundvelli. Jafnframt var formanni KÍ falið að hafa samband við formenn á viðkomandi svæðum og gera þeim grein fyrir jákvæðri afstöðu stjórnar KÍ í þessu máli.

11. Önnur mál

11.1. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum nr. 94/1986 og nr. 1/1997. Samþykkt að taka undir umsögn SFR. Formanni falið að afgreiða málið.

11.2. Rætt um val á lögmanni í stað Ragnars H. Hall.

11.3. IK vekur athygli á því að drög að aðalnámskrá leikskóla hafi verið birt á vef menntamálaráðuneytisins.

11.4. Stjórn KÍ staðfestir að Sesselja G. Sigurðardóttir sé fulltrúi KÍ í stjórn Námsgagnastofnunar. Jafnframt er stjórn FG falið að finna varafulltrúa í stjórn stofnunarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50.

Helgi E. Helgason
fundarritari